



# BRAG1SA01

Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2024

## Skólabragur

### Kennarar:

1 Karl Sigtryggsson (KAS)	8 Erla Brímdís Birgisdóttir (EBB)
2 Kristjana Sigríður Skúladóttir (KSS)	9 Gísli Viðar Oddsson
3 Sabína Steinunn Halldórsdóttir (SSH)	10 Lárus Gestsson (LS)
4 Ingunn Helgadóttir (IH)	11 Sigprúður Harðardóttir (SIH)
5 Eyrún Björg Magnúsdóttir (EBM)	X1 Guðmundur Björgvin Gylfason (GBG)
6 Anna Kristín Valdimarsdóttir (AKV)	X2 Hafdís Garðarsdóttir (HAG)
7 Ásdís Björg Ingvarsdóttir (ABI)	X3 Ingibjörg Markúsdóttir (IBM)
	X4 Sigríður Sigfúsdóttir (SISI)

### Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur aðlagist vel nýju skólastigi og skólaumhverfi. Áfanginn hefur það að markmiði að efla samkennd nemenda og kenna þeim á innra kerfi skólans s.s. námskerfi og þjónustu og þau úrræði sem í boði eru sem og að axla ábyrgð á eigin námi. Að auki eru nemendur aðstoðaðir við að setja saman eigin námsferil með það að leiðarljósi að öðlast sjálfstæði í þeim efnum. Þá er félagslíf skólans kynnt í góðu samstarfi við nemendafélag skólans, NFSU. Braginn á að endurspegla skólaandann og vera hvatning fyrir nemendur að þekkja skólann sinn vel og umgangast hann og starfsfólk hans í samræmi við það sem og taka ábyrgð á eigin námi.

### Markmið áfangans

#### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- námskröfum skólans
- helstu reglum sem í skólanum gilda
- aðferðum til að skipuleggja tíma og nám
- uppsetningu námsferils
- skólaumhverfinu og helstu starfsemi skólans

#### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að setja sér markmið sem námsmaður og einstaklingur
- að setja saman námsferil
- að skipuleggja sig
- samskiptum
- leita upplýsinga á heimasíðu og námsvef skólans

#### Hæfniviðmið

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera sjálfstæður í innra kerfi skólans

- skipuleggja námsferil sinn og ígrunda í samræmi við áhuga og markmið
- öðlast sjálfstraust í nýju skólaumhverfi
- vera meðvitaður um ábyrgð sína og skyldur sem fylgja auknu sjálfstæði
- öðlast sjálfstraust í samskiptum við ólíkar aðstæður.

**Námsefni:** Efni frá kennara.

**Sérreglur áfangans:** Mjög mikilvægt er að nemendur mæti í allar kennslustundir þar sem unnið er verkefni í hverjum tíma sem er hlutfall af námsmáti áfangans ásamt mætingu, virkni í tímum og þátttöku í nýnemaferð.

**Námsmat:**

30% Mæting - 50% Verkefni - 20% Virkni og sjálfstæð vinnubrögð

## Kennsluáætlun – BRAGI A - haustönn 2024

Dags.	Viðfangsefni
19.-23. ágúst Nýnemadagur mán. 19. ág Kennsla hefst þri. 20. ág	<p><b>Nýnemadagur.</b> Kynning á FSu; námskerfi, tölvukerfi, námsráðgjöf, félagsráðgjöf salarkynni, nemendafélag, bókasafn, skrifstofur og ýmsar nauðsynlegar grunnupplýsingar o.fl.</p> <p><b>Kennslustund:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Áfangi kynntur. Farið yfir áfangalýsingu og námsáætlun, hlutverk Bragakennara og tilgang áfangans.</li> <li>• PinToMindGo - appið.</li> <li>• Inna skoðuð vel. Stundatafla, tilkynningar, heimanám, skilahólf, andlitsmynd (heimavinna), námsferill, brautaruppbygging o.fl.</li> <li>• Verkefni 1: Bragi og Inna.</li> </ul>
26.-30. ágúst	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Verkefni 2 (andlitsmynd) á að vera komið inn: Nemendur eiga að vera búnir að setja inn skýrar andlitsmyndir af sér á INNU.</li> <li>• Fyrsta heimasíðuskoðun: Farið yfir uppbyggingu síðunnar</li> <li>• Mætinga- og skólareglur. Farið vel yfir þetta hvoru tveggja af heimasíðunni. Ábyrgð nemenda ítrekuð enn frekar, virðing og óskrifaðar reglur.</li> <li>• Verkefni 3: heimasíðan, skóla- og mætingareglur.</li> </ul>
2.- 6. sept	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nýnemaferð næstu viku kynnt.</li> <li>• Hver Bragahópur velur tvo nemendur sem munu leiða sína hópa áfram á milli þrauta á nýnemadaginn.</li> <li>• Nemendur velja nafn á sitt lið fyrir nýnemaferðina.</li> <li>• Félagslífið almennt kynnt.</li> <li>• Verkefni 4: Nýnemaferð og félagslíf</li> </ul>
9.-13. sept Nýnemaferð 10. sept. Ekki Bragatími á fim.	<p><b>Nýnemaferð</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendaráð með kosningar fyrir fulltrúa til nemendaráðs.</li> <li>• Fjöbreytt þrautakeppni á milli Bragahópa.</li> <li>• Nýr fulltrúi nýnema í Nemendaráð tilkynntur (svo kallað Busakrútt).</li> <li>• Pylsur grillaðar.</li> <li>• Sigurvegarar þrautakeppnar krýndir og verðlaunaafhending.</li> </ul>

16.-20. sept.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Önnur heimasíðuskoðun: Þjónusta í skólanum (námsráðgjafar, hjúkrunarfræðingur, skrifstofa, bókasafn, jöfnunarstyrku o.fl.)</li> <li>• Miðannarmat og val kynnt til sögunnar með áherslu á miðannarmatið sem mánuður er í. Námsmatsreglur, ábyrgð nemenda í námi.</li> <li>• Verkefni 5: Þjónusta, ráðgjöf og miðannarmat</li> </ul>
23.-27. sept.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Grunnundirbúningur fyrir valið. Farið vel í þá liði á heimasíðu sem eru undir NÁMIÐ og heyra undir val s.s. áfangar í boði, áfangalýsingar, áætlun um áfangaframboð, leiðb. v. kjarnavals, námsbrautir o.fl.</li> <li>• Þrep, kjarni og kjarnaaval.</li> <li>• Námsferilskrá á INNU skoðuð sem og brautaruppbyggingar á heimasíðu.</li> <li>• Verkefni 6: Námið mitt</li> </ul>
30. sept.-4. okt.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lokaundirbúningur fyrir valið. Kennari sýnir hvernig á að velja inn á INNU.</li> <li>• Hver nemandi gerir sinn grunn kláran með því að fylla út námsferilskrá bæði 1. og 2. önn sem og varaval fyrir þá önn.</li> <li>• Allir þurfa að velja Braga og Ergó.</li> <li>• Verkefni 7: Námsferilsskrá.</li> </ul>
7.-11. okt. Valdagur 9. okt.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Taktbreyting í Braga.</li> <li>• Viðtaltímabilið hefst í kjölfar miðannamats. Tími til að kynnast hverjum nemanda betur og persónulega. Fyrirkomulagið kynnt fyrir nemendum.</li> <li>• Lokaaðstoð við val næstu annar ef einhver eru eftir.</li> </ul>
14.-18.okt Miðannarmatsvika	<b>Haustfrí á fim og fös - enginn Bragatími</b>
21.-25.okt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendaviðtöl - aðeins boðaðir nemendur mæta.</li> </ul>
28. okt. - 1. nóv.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendaviðtöl - aðeins boðaðir nemendur mæta.</li> </ul>
4.-8. nóv.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendaviðtöl - aðeins boðaðir nemendur mæta.</li> </ul>
11.-15. nóv.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendaviðtöl - aðeins boðaðir nemendur mæta.</li> </ul>
18.-22. nóv.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendaviðtöl - aðeins boðaðir nemendur mæta.</li> </ul>
25.-29. nóv.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Allir nemendur mæta. Lokametrar annarinnar og síðasti Bragatími annarinnar.</li> <li>• Lokapróf, verkefnaskil o.fl.</li> <li>• Persónulega ábyrgð nemandans á náminu.</li> <li>• Hvað þýðir fall í áfanga?</li> <li>• Verkefni 8: Lokametrar.</li> </ul>
2. - 6. des.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Enginn Bragatími</li> <li>• Bragakennarar funda.</li> </ul>

Með von um góða samvinnu.

Gert með fyrirvara um breytingar.

15. ágúst 2024

Kennarar